

**42. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
Miðvikudaginn 16. október 2024, kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008**

Lagður fram tölvupóstur frá Jónþór dags. 30.08.2024 fyrir hönd Amen þar sem sótt er að nýju um lóðina við Langeyrarveg 21.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Amen ehf fá lóðina við Langeyrarveg 21 úthlutaða.*

*Lóðarúthlutun falli niður verði framkvæmdir ekki hafnar innan árs frá úthlutun.*

*Samþykkt*

**2. Beiðni um hnitsetningu lóðar á Birnustöðum í Laugardal - 2405010**

Tekið fyrir bréf frá Rafni Pálssyni f.h. Hólmborg ehf þar sem óskað er eftir að Súðavíkurbreppur hlutist til með það að lóðamörk að Birnustöðum verði hnitset og merkt á viðeingandi hátt af óháðum aðila.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur byggingarfulltrúa að setja út lóðamörk við Birnustaði L141532 og L180321.*

*Samþykkt*

**3. Vegna bygginga- og framkvæmdaleyfa - 2409004**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands þar sem stofnunin vekur athygli á því að óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda án þess að umsögn Minjastofnunar Íslands liggja fyrir.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**4. Umsókn um stöðuleyfi, Ögur L176576 - 2107002**

Tekið fyrir að nýju stöðuleyfisumsókn vegna sumarhúss í Ögri L176576.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs en bendir á að sækja þarf um byggingarleyfi fyrir sumarhúsinu.*

*Samþykkt*

KGK

**5. Aðalgata 6, breytt notkun - 2409006**

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 10. september 2024 er varðar breytta notkun á húsinu við Aðalgötu 6 og verði skráð sem atvinnuhúsnæði.

Fyrirhuguð nýting húsnæðisins er í samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir breytta notkun og að húsið verði skráð sem atvinnuhúsnæði með þeim forsendum að þinglýst kvöð verði á notkun hússins til samræmis við önnur hús í gömlu byggðinni sem eru með takmarkaða íveru, sbr. svar Veðurstofu Íslands dags. 14.10.2024.*

*Samþykkt*

**6. Heitir pottar í Súðavík - 2409007**

Teknar eru fyrir tillögur um staðsetningu pottaaðstöðu í Súðavík frá SEI Studio.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að farið verði eftir tillögu A og miðað við þá staðsetningu sem lögð er til í kynningu.*

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í breytingu á skipulagi.*

*Samþykkt*

**7. Smáhýsi í landi Hvítanes - 2410001**

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 9 september 2024 frá Guðrúnu Fjólu Kristjánsdóttur þar sem spurst er fyrir um fyrirætlun Súðavíkurhrepps um uppsetningu á vatnssalerni á selaskoðunarsvæðinu við Hvítanes.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd þakkar fyrir erindið og bendir á að til stendur að setja salerni við selaskoðunarsvæðið. Nefndin bendir sveitarstjórn á að skoða þurfi rekstur salernisins.*

*Samþykkt*

**8. Meltutankur við Njarðarbraut 1 - 2410003**


Tekin fyrir umsókn frá Háafell ehf þar sem sótt er um leyfi til að setja niður meltutanka við gaflinn á Njarðarbraut 1 skv. meðfylgjandi teikningu.


*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið en leggur áherslu á umgengni og útbúnaður verði með þeim hætti að lykt valdi ekki ónæði.*


*Samþykkt*


Fundi slitið kl. 17:15.

KGK

  
\_\_\_\_\_  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Hulda Gunnarsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Bragi Þór Thoroddsen

  
\_\_\_\_\_  
Kjartan Geir Karlsson

  
\_\_\_\_\_  
Jóhann Birkir Helgason

